

62. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 18.ágúst 2015. Fundargerð.

Mætt voru: Perla Fanndal, Jón Einar Jóhannsson og undirritaður

1. Perla mætti á fund í hádeginu með “Akureyrarvökunefnd” þar sem hugmynd um lautarferðir líkt og í fyrra var blásin af.

Hverfisnefnd ætlar þó að ráðast í samkomu; morgunkaffi eða eitthvað slíkt á Eiðsvelli kl. 11-13 laugardaginn 29.ágúst. Þar sem völlurinn hefur nýlega verið endunýjaður, nánast frá grunni, er ærið tilefni til uppá komu af þessu tagi, sem yrði einskonar fögnuður vegna endurbættis Eiðsvallar.

Hugmyndin að bjóða uppá kaffi og “með´ðr” líkt og í fyrra og fólk má einnig koma með muni og varning til skottsölu. Útvega aðgang að rafmagnspósti, JEJ kvaðst geta útvegað vegleg hljómsflutningstæki og einnig hugmynd að fá lánaða flaggstöng frá Ak.bæ. Haft verður samband við Vikudag vegna tilkynningar.

Nefndin myndi útvega kaffi og kaffibrauð, athuga varðandi lista frá fyrra ári.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 25.ágúst 2015 á Símsstöðinni kl. 20- þar er ætlunin að leggja lokahönd á skipulag fagnaðarins.

Á Kaffi Símsstöðinni, Hafnarstræti 102, 18.ágúst 2015

Arnór Bliki Hallmundsson, ritari Hverfisnefndar Oddeyrar.